

Rannsóknin á Strákatanga breytir sögu 17. aldar á Íslandi

Written by

Tuesday, 09 September 2008 19:07

Um sextíu manns mættu á opinn dag Strandagaldurs og Náttúrustofu Vestfjarða á Strákatanga í Hveravík s.l. laugardag þar sem fram fór kynning á 17. aldar hvalveiðistöðinni sem rannsökuð hefur verið þar frá árinu 2004. Í ljós hafa komið mikil mannvirki sem tengjast hvalbræðslu erlendra manna. Engar heimildir er að finna um bræðsluna í skráðri sögu 17. aldar á Íslandi og ljóst má vera að starfsemi hennar hefur verið haldið leyndri gagnvart æðstu yfirvöldum á sínum tíma og síðan fallið í gleyskunnar dá. Í meðfylgjandi myndbandi að neðan er umfjöllun um rannsóknina í viðtali við Ragnar Edvardsson fornleifafræðing.